

VIÐBURÐUR

MIDVIKUDAGUR 24. MAÍ 2017

Viðburður



Ljósmyndasýning Charlottu Hauksdóttur stendur yfir í Ramskrá. Myndirnar eru lagðar hver ofan í aðra og sýna daglegar athafnir fjölskyldna.

Viðburður ➔4



Stjórn Íslandsdeildar Empower Nepali Girls. Frá vinstri: Guðrún Harpa Bjarnadóttir formaður, Kristín María Erlendsdóttir, Guðrún Ragna Hreinsdóttir og Katrín Gústavsdóttir. Á myndina vantar Ingibjörgu Þorsteinsdóttur. MYND/GVA



Gengið til góðs

Á morgun ætlar fjöldi fólks að ganga upp á Úlfarsfell til styrktar góðu málefni. Það er Íslandsdeild Empower Nepali Girls sem skipuleggur daginn en samtökin hafa það markmið að styðja ungar stúlkur í Nepal. ➔2

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Framhald af forsiðu →

Útivistardagurinn Mitt eigið Everest fer fram á morgun, uppstigningardag, við Úlfarsfell í Mosfellssveit. Þar ætla þátttakendur að labba upp á Úlfarsfell, eins oft og hver vill, og um leið að styrkja gott málefni. Það er nýlega stofnuð Íslandsdeild samtakanna Empower Nepali Girls sem skipuleggur daginn en samtökin hafa það markmið að efla og styðja ungar stúlkur í Nepal, þá helst með því að veita skólalærki og annan stuðning til stúlkna sem annars myndu ekki fá tækifæri til að mennta sig.

Markmið útivistardagsins er tvíþætt, að sögn Guðrúnar Hörpu Bjarnadóttur, formanns Íslandsdeildar Empower Nepali Girls. „Í fyrsta lagi er þetta fjáröflunarviðburður fyrir Empower Nepali Girls samtökin. Peningum er safnað annars vegar með skráningargjöldum og styrkjum, og hins vegar með áheitasöfnun eins og við þekkjum frá Reykjavíkurmaraþoninu.“

Í öðru lagi er markmiðið að hvetja fólk til hreyfingar og útivistar, segir Guðrún. „Hugmyndin er að hver og einn finni sitt eigið Everest. Þá meinum við að hver og einn finni sitt markmið, skori á sjálfan sig og fjölskylduna og færi sig örlítið út fyrir þægindarammann. Fyrir einhverja getur það verið áskorun að ganga eina ferð á Úlfarsfellið eða ganga þar með börnin sín. Fyrir aðra getur verið

skemmtilegt markmið að ganga ákveðinn fjölda ferða á fellið.“

Tónlist og veitingar

Allur ágóði af söfnuninni verður sendur til Empower Nepali Girls samtakanna sem sjá um að koma fjármunum á rétta staði, að sögn Guðrúnar. „Það kostar að meðaltali um 20.000 kr. fyrir barn að stunda nám í grunnskóla í Nepal. Fyrir þá upphæð er hægt að greiða skólalagjöld, ritföng, skólabúning og fleira sem til þarf. Samtökin styrkja nú yfir 280 börn til náms í mismunandi þorpum víðsvegar um landið.“

Dagurinn hefst kl. 9 og stendur yfir til kl. 23 en Guðrún gerir ráð fyrir að flestir verði á ferðinni milli kl. 12 og 16. „Við höfum heyrt af einhverjum sem ætla að ganga í allt að 14 klukkustundir. Það er sá tími sem tekur að meðaltali að ganga á Hvannadalshnjúk sem er markmið margra þeirra sem stunda fjallgöngu. Við gerum þó ráð fyrir að flestir taki eina til tvær ferðir og þá væri gaman að sem flestir þeirra væru á ferðinni á svipuðum tíma til að sem mest orka myndist í fjallinu. Því höfum við hvatt fólk til að koma og ganga milli kl. 12 og 16 og vonumst eftir mikilli stemningu á þeim tíma.“

Tjöld vera sett upp í „grunnbúðum“ við rætur Úlfarsfells en gengið verður upp hjá Leirtjörn sem er Úlfarsárdalsmegin við fjallið. „Þar mun tónlist óma og léttar veitingar verða í boði fyrir göngugarpa.“

Gönguleiðin sjálf verður síðan skreytt marglitum bænaflöggum frá Nepal.“

Heilluðust af Söru

Íslandsdeild Empower Nepali



Í þorpinu Borang voru samtökin með sérstaka aðstoð í kjölfar jarðskjálftanna til viðbótar við skólalærki.

Girls var stofnuð í byrjun mars og er markmið hennar eingöngu að afla fjár fyrir samtökin til að auðvelda þeim það góða starf sem þau vinna í Nepal, segir Guðrún. „Stofnfundurinn var haldinn í Háskólanum í Reykjavík þar sem Sara Safari heimsótti okkur og sagði sögu sína og samtakanna í máli og myndum.“

Sara er írönsk og búsett í Bandaríkjunum. Hún setti sér það markmið að ganga á Everest árið 2015 í þeim tilgangi að afla fjár og vekja athygli á Empower Nepali Girls. Hún var stödd á miðjum Khumbuskriðjöklinum þegar jarðskjálftinn

mikli reið yfir landið og komst hún við illan leik upp í fyrstu búðir þar sem hún beidd björgunar í tvo sólarhringa. „Við heilluðumst af frásögn Söru af Everest ferðinni og starfi samtakanna. Því ákváðum við að þó það væri ekki minnsti möguleiki á að við myndum nokkurn tíma klifa Everest þá hlytum við að geta fundið okkar eigið Everest til að takast á við og vekja þannig athygli á starfi samtakanna.“

Skráning á viðburðinn fer fram með greiðslu skráningargjalds, 5.900 kr., fyrir hverja fjölskyldu óháð fjölda barna. Tengill inn á skráningarsíðuna er á Facebook-

síðu viðburðarins (Mitt eigið Everest). „Áheitasöfnunin fer fram í gegnum síðu sem heitir Crowd- rise en það er síða sem skipuleggjendur margra stórra viðburða nota til fjáröflunar. Slóðin á viðburðinn er www.crowdrise.com/mitteigideverest en undir viðburðinum hafa nokkrir göngu- hópar og fyrirtæki stofnað lið sem keppa innbyrðis um árangur í söfnun framlaga. Cintamani hefur síðan gefið glæsileg verðlaun sem veitt verða þeim þremur einstak- inum sem safna hæstu framlög- unum í sínu nafni svo til mikils er að vinna.“

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Arctic Star



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA. Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Plokkfiskur

hollur kostur á 5 mín.



Sjálfboðaliðar frá Empower Nepali Girls heimsækja skólalærki reglulega til Nepal.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar- efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Mumsjónarmenn efni: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

COSMO 31 ÁRS



31%

afsláttur af öllum vörum

Aðeins þessa helgi



Ágluggar og hurðir



- Íslensk framleiðsla, framleitt af IDEX ágluggum ehf.
- Hágæða álprófilkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

CE-merkt framleiðsla

Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga

IDEX

idex.is - sími 412 1700

framl. - sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO

- þegar gæðin skipta máli

BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & breweryBRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.ISNýjar vörur frá
ENDURANCE

Útsöluaðilar:

Útlíf - Kringlunni - Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó VestmannaeyjumDreifingaraðili: DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á dansport.isVIÐ
SJÁUM
UMVIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.isAugnablik verða
að minningum

Ljósmyndasýning Charlottu Hauksdóttur stendur yfir í Ramskram. Myndirnar eru lagðar hver ofan í aðra og sýna daglegar athafnir fjölskyldna. Hversdagslegar uppákomur verða að þýðingarmiklum minningum.

Ragnheiður
Tryggvadóttir
heida@365.is

Í syrpunni Augnablik mynda ég fjölskyldur á heimilum sínum yfir tímabil og legg ljósmyndirnar saman svo þær blandast hver inn í aðra. Við það verður til mynd af svo til óbreyttu rými, þar sem samskipti og athafnir fjölskyldunnar eru skrásettar með óljósu, draugalegu yfirbragði. Myndirnar benda þannig á hverfuleika tilverunnar og verða vitnisburður um hvernig hversdagslegar uppákomur geta orðið að þýðingarmiklum minningum. Stillan í myndunum vekur upp bæði fortíðarþrá og missi, tíminn stendur í stað og gefur áhorfendum bæði tækifæri og rými til að endurvekja hugsanir um eigin reynslu, minningar og staði. Svona lýsir ljósmyndarinn Charlotta Hauksdóttir sýningu sinni sem stendur nú yfir í Ramskram, Njálsgötu 49.

Charlotta býr í San Francisco ásamt manni og börnum og segir myndefni sýningarinnar jafnvel eiga rætur sínar í söknudi eftir bernskustöðvunum.

„Það er auðvitað ákveðin nostalgía tengd Íslandi. Mér finnst ég að vissu leyti vera komin heim þegar ég keyri í gegnum hraunið frá Keflavíkurvelli,“ segir hún og bætir við að ætlunin hafi verið að ala börnin upp á Íslandi.

„Ég og maðurinn minn, ásamt tveggja ára dóttur, fluttum til Íslands frá Kaliforníu í enda árs 2007, en við höfðum þá búð í San Francisco í sjö ár. Sonur okkar fæddist svo á Íslandi í maí 2008 en eftir hrunið fluttum við aftur út. Þar fór ég að hugsa um hvernig líf við myndum eiga, hvernig minningar börnin okkar myndu eignast sem yrðu ólíkar þeim sem við höfðum verið að vonast til og hversu miklu máli heimilið skiptir í lífi fjölskyldu. Hugsandi um mína eigin barnæsku þá hafði mitt æskuheimili mikil mótandi áhrif á mitt líf og mínar minningar. Verkin mín eru mörg hver mjög ólík í „útliti“ en þau fjalla öll á einn eða annan hátt um minningar, tíma og staði. Hvernig maður mótast af umhverfinu og áhrif tímans,“ segir Charlotta. Íslenskt landslag er henni einnig hugleikið myndefni.


„Þá set ég saman myndir af mismunandi sjónarhornum en frá sama stað og raða þeim lóðrétt saman. Ég prenta myndirnar út 180 cm á hæð sem verður til þess að myndin umlykur áhorfandann. Þetta er mín leið til þess að eiga stað til að „hverfa inn í“ og finnst ég vera heima.“

Hvernig viðtökur hefur sýningin fengið?

„Það kom töluverður fjöldi á opnunina og fékk ég almennt góð viðbrögð gesta. Ég held að þemað nái til margra og fólk geti tengt við og rifjað upp sínar eigin minningar við verkin. Ég vil vekja áhorfandann til umhugsunar um sitt eigið líf. Þessa stundina er ég að



„Verkin mín eru mörg hver mjög ólík í „útliti“ en þau fjalla öll á einn eða annan hátt um minningar, tíma og staði.“



Árstíðaskipti út um gluggann.




Úr myndabók sem inniheldur myndir teknar í sama herberginu frá sama sjónarhorni yfir fjögurra mánaða tímabil.

vinna að bók með myndum sem ég tók á Íslandi haustið 2015 yfir fjögurra mánaða tímabil út um gluggann á íbúð sem við leigðum. Á veggnum hékk segultafla þar sem ég hengdi fréttuákrlippur og persónulegar myndir. Hugmyndin var að koma með „heiminn“ inn í



Charlotta Hauksdóttir opnaði ljósmyndasýninguna Augnablik í Ramskram. „Myndirnar benda á hverfuleika tilverunnar og verða vitnisburður um hvernig hversdagslegar uppákomur geta orðið að þýðingarmiklum minningum.“

MYND/CHARLOTTA HAUKSDÓTTIR



„Stillan í myndunum vekur upp bæði fortíðarþrá og missi, tíminn stendur í stað.“



„Samskipti og athafnir fjölskyldunnar eru skrásettar með óljósu, draugalegu yfirbragði.“

okkar verndaða umhverfi. Það er svo hægt að sjá tímann líða út um gluggann, þar sem haustið breytist í vetur.“

Sýning Charlottu stendur til 16. júní.

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



HONDA Cr-v elegance . Árgerð 2014, ekinn 34 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Verð 4.490.000. Rnr.288394.



TOYOTA Hilux d/c, sr 3.1 33". Árgerð 2016, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. pallhús. dráttarbeisli. Verð 7.290.000. Rnr.151679.



HONDA Jazz elegance. Árgerð 2014, ekinn 52 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.311615.



TOYOTA Auris terra. Árgerð 2013, ekinn 72 Þ.KM, bensín, 6 girar. Verð 1.990.000. Rnr.151778.



MMC Pajero instyle diesel 33". Árgerð 2007, ekinn 157 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. dráttarbeisli. Verð 2.990.000. Rnr.311901.



VW Golf trendline. Árgerð 2007, ekinn 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.311900.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN



MMC Outlander. Árgerð 2016, ekinn aðeins 26 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 4.290.000. Ásett verð 4.690.000 Rnr.340343.



NISSAN Pulsar. Árgerð 2016, ekinn 34 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 2.390.000. Ásett verð 2.690.000 Rnr.340415.



SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi. Árgerð 2015, ekinn 58 Þ.KM, dísel, 5 girar. Tilboð 2.590.000. Ásett verð 2.990.000 Rnr.212259.



SKODA Octavia scout . Árgerð 2015, ekinn 73 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Tilboð 3.890.000. Ásett verð 4.350.000 Rnr.211823.



SKODA Superb ambition 140 hö. Árgerð 2013, ekinn 101 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Tilboð 2.690.000. Ásett verð 3.290.000 Rnr.212130.



MERCEDES-BENZ SIK 200 kompressor kompr. . Árgerð 2007, ekinn aðeins 50 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 girar. Verð 3.490.000. Umboðsbíll mjög fallegur og vel með farinn Rnr.115457.



VOLVO Xc90 d5 awd. Árgerð 2007, ekinn 194 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Tilboð 2.490.000. Ásett verð 2.890.000 1 eigandi Rnr.212202.



LAND ROVER Range rover sport hse dísel. Árgerð 2005, ekinn 220 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 2.490.000.1 eigandi frá upphafi umboðsbíll Rnr.115821.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN



AUDI A3 limousine. Árgerð 2013, ekinn aðeins 30 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 girar. Verð 3.450.000. Fallegur og vel með farinn Rnr.115818.



NISSAN Qashqai tekna. Árgerð 2014, ekinn 50 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.390.000.1 eigandi Rnr.115692.

Nýja bílahöllin
Eirhófða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

HEIMSBÍLAR



MJÖG GÓÐUR AFSLÁTTUR..
BMW X3 xdrive20d f25. Árgerð 2011, ekinn 117 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. bíll í topstandi, nýtt í bremsum, tilboðsverð 3.490.000. ásett verð 4.290þ. uppl. í síma 567-400 eða 660-7575. Rnr.339553

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
http://heimsbilar.is

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 110 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

STÓRA BÍLASALAN



100% LÁN -
TOYOTA RAV4. Árgerð 2006, ekinn 152 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 girar. TILBOÐ 1.180.000 staðgreitt. Rnr.136020.



100% LÁN -
SUZUKI Swift GL. Árgerð 2007, ekinn 153 Þ.KM, bensín, 5 girar. TILBOÐ 590.000 staðgreitt. Rnr.159596.



100% LÁN -
TOYOTA RAV4. Árgerð 2000, ekinn 220 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar. Verð 490.000. Rnr.159584.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

Bílar til sölu



GRILLBÍLL HLADINN GRÆJ
Til sölu þessi veitingabíll, 6,2 dísel, ekinn aðeins 38þ. mílur, stórt grill, 3 kælar, hitaskápar, 220V. rafmagn, sjóðsvel, rennandi vatn og fl og fl, sendi myndir. Verð 4,5 milljónir. Uppl. 820-5181



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA!
TOYOTA LANDCR VX 90 Benzín árg 2002 ek. 169 Pkm, Sjálfsk, leður, krókur, ofl ofl, 2 eigendur, 100% þjónustu og smurbók, möguleiki á 100% láni, tilboðsverð 990 þús. GSM 893-9500




HÚSBÍLL TIL SÖLU
Fullbúin húsbíll til sölu, tilbúin í sumarfríð. Mercedes Benz á '97, ekinn 61þús km. Upplýsingar í síma 8673167, Sigurður.

Mótorhjól



Til sölu Yamaha Virago árg. 85, laglegur forngripur í góðu lagi. Verð kr. 390 þús. uppl. S. 892 7798.

Bátar



Til sölu 30 feta skemmtibátur árgerð 1998 báturinn er allur sem nýr að innan sem utan. Vél Volvo Penta 260hö ekin aðeins ríflega 800 tíma, nýr vagn fylgir. Uppl. í s. 893-7900



NÝTT - NÝTT - NÝTT - HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÖKA NR. 12
Góð reynsla - meiri afli Heimavíkur ehf Heimavík.is sími 892-8655

VEIDIBÆNDUR

Þjórská Ölfusá Hvítá laxanetinn tilbúin heimavík ehf 892 8655 www.heimavík.is

Hjólbarðar

VAKA



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfríði

Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir piparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

VERSLUNARTÆKNI

Ryðfrítt vinnuþorð m.hillu

WT03-7-9 70x90
WT03-7-12 70x120
WT03-7-16 70x160
WT02-7-18 70x180



4 lengdir



3ja hæða stálvegð ryðfrítt bremsur á hjólum

7 Cold Line Smart

Cold Line Smart Stálskápar með stál eða glerhurð í tveimur stærðum. 700 eða 1400 lítra - Hægt að fá sem kællir eða sem frýstir - Hæð: 2020mm - Dýpt: 585mm Breidd: 710mm / 1420mm Stíllanlegir stálfaetir - 4 hillur í skáp



ARISTARCO

Uppþvottavélar fyrir allar stærðir atvinnueldhúsa og mótuneyta.

AH 1000 uppþvottavél að 60 kórfur á kíst

AS 50.35 uppþvottavél framhlaðin hæð 40 cm

VERSLUNARTÆKNI

Drághálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki

Þöntunarsími: 535 1300

Síðu heimasíðuna
www.verslun.is

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn þvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

Garðyrkja

Garðabjónusta

- Trjáklippingar
- Felli tré
- Garðyrkja

40 ára starfsreynsla

Jóhannes garðyrkjumeistari
S. 846 8643 • 856 9600
www.gardyrkjumeistari.is

Almenn garðvinna, sláttur klippingar
ofl. Halldór garðyrkjumaður. S. 698
1215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur
og stofnun fyrirtækja. Fagleg
vinnubrögð á sanngjörnu verði.
Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511
2930.

Málara

Faglæðir málara geta bætt við
sig útiverkefnum. Mikil reynsla
og fagmennska í fyrirtækjum. Jón og
Martinn S. 861 1242

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafli, pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðafl. Flutningabj.
Mikael S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Sími 694 7881, Zanna.

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK
- FLÖTUN SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctur byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir
lofttræstikerfa. Hafðu samband og
pantaðu fría ástandsskoðun í síma:
557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald
húsa, s.s. málun, múrur, flísa- &
parketlagning og trésmíði. S. 616
1569

Spádómar

SÁ SÍMASPÁ Í

S. 844 6845 / 462 4564

Frá kl. 14:00. Spá í spil og bólla.
Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á
facebook: SÁ

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuþá. Tarot. Ársspá.
Draumráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Bjodum hagstætt verð í töfluskripti.
Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straublik@gmail.com

Keypt
& Selt

Til sölu

STIGA®



Stiga Estate Pro 9122

Sjálfskiptur lúxus sláttutraktör
B&S 8240 Intek mótör
Sérstýrktur sláttubúnaður
360 lítra grasuppsöfnunarkassi

Askalind 4. Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst
1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel
og steikur. www.myranaut.is s. 868
7204



Heimilið

LOK Á HEITA POTTA OG
HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210,
220x220, 235x235, 235x217,
217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola
1000 kg jafnarðarpunga af snjó.
Vel einangruð og koma með
10 cm svantu. Sterkustu lokin á
markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt.
Opnara til þess að auðvelda opnun
á loki. www.Heitipottar.is Sími 777
2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Óskast keypt

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL
HÚSBÝGGINGA. SJÁ NÁNAR
Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni,
parket, útihurðir, ofl. Gæði á
göðu verði. Nýkomnar Eurotec
A2 harðviðarskrúfur. Penofin
harðviðarolla. Indus ehf,
Óseyrarbraut 2 Hf, Upphl.hj Magnúsi
í símunum 660 0230 og 561 1122.

Barnavörur

VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI
OG SKIPTITASKA

Verð frá kr. 99.900. Frír aukahluta-
pakki að verðmæti kr. 27.880 fylgir
fyrirfram pöntuðum vögnum út
maí. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201
Kóp. Barnidokkar.is

Heilsa

Nudd



Thai-nuddstofan hjá Joom
biður Thailenskt heilsunudd
Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma
8923899

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra
með Tantra nuddi. Einstæð upplifun
fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301
www.tantratemple.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS


FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m². Ódyrt eftir það. S:
564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg
af því. Allt að 20% afsláttur. www.
geymslur.is



**GEFÐU
VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarfi kirkjunnar



Aðeins

10

íbúðir eftir af 44

Sóltún 1-3



Öryggis- og þjónustuíbúðir

2-4 herbergja að stærð 76-140 fm

Aðgengi að þjónustu - heimaþjónusta, heimahjúkrun,
félagsstarf, heilsuefling og matur í hádeginu

Afhending í júlí 2017


Yfirbyggðar suður svalir

Eigið bílastæði í upphitaðum lokuðum bílakjallara

Íbúðir fyrir +60 ára sem vilja búa miðsvæðis
og aðgang að þjónustu

OPIÐ HÚS

fimmtudaginn 25.maí kl.16:00-17:00



Spennandi uppbygging
í Sóltúnspörpinu
framundan í þjónustu
við aldraða



Fleiri teikningar á :
www.soltunibudir.is

Nánari upplýsingar veita:

MIKLABORG

www.miklaborg.is 5697000



Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Axel Axelsson
aðstm. fasteignasali
Sími: 778 7272
axel@miklaborg.is



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Herbergi	Stærðir frá	Verð frá
2	78,1 fm	47,7 millj.
3	96,2 fm	52,9 millj.
4	111,9 fm	61,3 millj.



TRAUSTI
fasteignasala

Trausti fasteignasala
Vegmúla 4 • 108 Reykjavík
trausti@trausti.is
s.546-5050

Alltaf við símann

Við eigum afmæli í dag Trausti fasteignasala 5 ára Þökkum viðskiptin



Trausti fasteignasala - fasteignasalan þín



Kristján Baldursson
hdl., löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali,
löggiltur leigumíðari.
S: 867-3040



**Bergþóra Heiða
Guðmundsdóttir**
Lögfræðingur - löggiltur
fasteigna-, fyrirtækja-
og skipasali.
S: 779-1929



**Guðbjörg G.
Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr.,
lögg. fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali,
leigumíðari.
S: 899-5949



Hákon Guðmundsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala.
S: 861-9240



Einar P. Pálsson
löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392



**Guðbjörg
Matthíasdóttir.**
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar
fasteigna-, fyrirtækja-
og skipasölu.
S: 899-3984



Sólveig Regina Biard
Aðstoðarmaður
fasteignasala
S: 869-4879



**Bryndis Bára
Eyjólfsson**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar
fasteigna-, fyrirtækja-
og skipasölu.
S: 616-8985



Bára Danielsdóttir
Skrifstofustjóri
S: 693-1837



Gylfi Jens Gylfason
hdl., löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124



Garðar Kjartansson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
S: 853-9779



Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir

- Efnistaka af hafsbotni í Skutulsfirði
- Efnistaka af hafsbotni í Álftafirði
- Jarðefnarannsókn á efni við Eyri í Reyðarfirði

Skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanir ligga frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **26. júní 2017**.



Auglýsing Um deiliskipulagsbreytingu Eyravegar 11-13 á Selfossi.

Samkvæmt 1.mgr.43.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi Eyravegar 11-13 Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að í stað íbúða verður gert ráð fyrir hóteli í húsinu.

Húsið verður fjögurra hæða með kjallara.

Gert er ráð fyrir 70 hótélherbergjum.

Á fyrstu hæð verður móttaka, morgunverðasalur, skrifstofa og mögulega önnur þjónusta. Hótélherbergi verða á fyrstu, annari, þriðju og fjórðu hæð. Í kjallara verður starfsmannaaðstaða, línherbergi og geymslur. Á löðinni er gert ráð fyrir 21 bílastæðum sunnan við húsið, einnig er gert ráð fyrir gróðri sunnan við húsið. Nýtingarhlutfall er 1.44 ofanjarðar en 1.79 ef kjallari er tekin með.

Teikningar ásamt greinagerð (skilmálum), vegna tillögunnar mun ligga frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með miðvikudeginum 24.máí 2017 til og með miðvikudeginum 5.júlí 2017.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 5. júlí 2017 og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67 , 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is> þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags og byggingarfulltrúa í netfangið skipulag@arborg.is.

Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingarfulltrúi

Auglýsing um skipulagsmál í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt sameiginleg tillaga að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun

Hvammsvirkjun, deiliskipulag virkunar í Þjórsá. Sveitastjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggja sameiginlega fram tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun. Framkvæmdasvæði Hvamm-svirkunar er í báðum sveitarfélögunum. Stöðvarmannvirki verða í landi Hvamms í Rangárþingi ytra, en stíflumannvirki og lón munu taka yfir land í ofanverðri Landsveit og í Skeiða- og Gnúp-verjahreppi.

Ofantalin tillaga er til kynningar á opnunartíma hjá Skipulagsfulltrúum ofangreindra sveitarfélaga, og á heimasíðum sveitarfélaganna Rangárþings ytra, www.ry.is og Skeiða- og Gnúpverjahreppur www.skeidgnup.is Jafnframt má nálgast frummatsskýrsluna hjá Skipulagsstofnun eða á vef þeirra www.skipulag.is

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 5. júlí 2017

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra og
Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Mat á umhverfisáhrifum Athugun Skipulagsstofnunar

Hvammsvirkjun, áhrif á ferðaþjónustu og útivist og landslag og ásýnd

Landsvirkjun hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Hvammsvirkjun, mat á áhrifum á ferðaþjónustu og útivist og á landslag og ásýnd lands í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra. Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfis-áhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **24. maí til 6. júlí 2017** á eftirtöldum stöðum: Skrifstofum Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra, í Þjóðarbókhöfðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is. Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **6. júlí 2017** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Skipulagsstofnun

Aðalfundur SÁÁ

Aðalfundur SÁÁ verður haldinn fimmtudaginn 1. júní kl. 17:00 í Von, húsi SÁÁ Efstaleiti 7.

Dagskrá fundarins er:
Skýrsla stjórnar
Reikningar samtakanna lagðir fram
Lagabreytingar
Kosning í stjórn
Önnur mál

SÁÁ
Efstaleiti 7
103 Reykjavík
Sími: 530 7600
saa@saa.is
www.saa.is



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:

1. Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 vegna Hvammsvirkunar. Afmörkun lónstæðis.

Árið 2011 var staðfest breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem gert var ráð fyrir Hvammsvirkjun. Fólst breytingin m.a. í afmörkun Hagalóns auk breyttrar legu Þjórsárdalsvegur. Á skipulagsupprættinum láðist þó að gera ráð fyrir færslu austasta hluta Gnúpverjavegur og afmörkun um 10 ha totu Hagalóns sem liggur ofan Þjórsárdalsvegur. Er hér auglýst breyting á aðalskipulagi þar sem þetta er lagfært, þ.e. veginum breytt og lónið afmarkað ofan Þjórsárdalsvegur.

2. Breyting á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, Flóahreppi, á svæði úr landi Laugardæla. Golfvöllur í stað íbúðarsvæðis.

Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, Flóahreppi, á svæði úr landi Laugardæla. Svæðið er í dag skilgreint sem blönduð landnotkun íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota. Er breytingin gerð vegna fyrirhugaðrar stækkun golfvallar, Svarfhólsvallar, og breytist íbúðarsvæði 14 og að hluta íbúðarsvæði 15 í opið svæði til sérstakra nota. Þá breytist um 4 ha landbúnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota.

3. Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 á svæði austan við Árnes. Svæði fyrir verslun- og þjónustu í staði landbúnaðarsvæðis.

Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem nær til svæðis sem liggur upp að þéttbýlinu Árnes. Er fyrirhugað að byggja þar upp þjónustu í tengslum við hestaferðir og er m.a. er gert ráð fyrir byggingu gistaðstöðu og þjónustuhúss. Landið er rúmlega 9 ha að stærð og er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði en með breytingunni er gert ráð fyrir að um 4 ha svæðisins breytist í verslun- og þjónustusvæði.

4. Breyting á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar fyrir Þingvallasveit 2004-2016. Ákvæði um deiliskipulag.

Árið 2006 var staðfest aðalskipulag fyrir Bláskógabyggð fyrir svæði sem var áður innan fyrrum Þingvallasveitar. Í greinargerð aðalskipulagsins var sett sú stefna að unnið yrði að gerð deiliskipulags fyrir öll svæði sem ekki voru með lögförmelegt deiliskipulag og að fjórum árum eftir staðfestingu yrði ekki heimilt að gefa út byggingarleyfi nema á grundvelli deiliskipulags. Frá því að aðalskipulagið tók gildi hefur reynst erfitt að koma í gegn deiliskipulagsáætlunum fyrir eldri frístundabyggðarsvæði og er því talið nauðsynlegt að heimila útgáfu byggingarleyfa á grundvelli grenndarkynningar eins og heimilt er á öðrum svæðum innan sveitarfélagsins. Í breytingunni felst því að fella út ákvæði um að deiliskipulag verði ávallt að vera forsenda útgáfu byggingarleyfis.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

5. Deiliskipulag 6 smábýlalóða úr landi Litla-Fljóts í Bláskógabyggð.

Lögd fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi fyrir 6 lögbýlislóðir úr landi Litla-Fljóts lnr. 167148. Skipulagssvæðið er 15,5 ha að stærð og liggur upp að landi Brautarhóls, norðan þéttbýlisins í Reykholti. Gert er ráð fyrir að lóðirnar tengist Þjóðvegi um nýja vegtengingu austan núverandi tengingar að Litla-Fljóti.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

6. Deiliskipulag svæðis fyrir smáhýsi á spillu austan við Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir landið Réttarholt A lnr. 166587 sem er um 9 ha spilda austan við þéttbýlið Árnes. Á svæðinu er afmarkaður einn 11.500 fm byggingarreitur þar sem gert er ráð fyrir að byggð verði allt að 30 smáhýsi á bilinu 12-30 fm. Innan reitsins er þegar 117 fm hús sem gert er ráð fyrir að nýta sem þjónustuhús.

7. Breyting á deiliskipulagi frístundahúsaloða í landi Sturluhólts í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi þriggja frístundahúsaloða á landi Sturluhólts. Í breytingunni felst að lóð sem kallast Sturluholt færst til vesturs og breytist heiti hennar í Fögrubrekku.

8. Deiliskipulag fyrir þjónustuhús og baðaðstöðu á jörðinni Hæðarendi í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Auglýst er að nýju tillaga að deiliskipulagi fyrir baðaðstöðu á svæði umhverfis núverandi fjárhús og hlöðu á jörðinni Hæðarendi, sunnan frístundabyggðar við Selhól. Gert er ráð fyrir að breyta núverandi húsum í þjónustubyggingu í tengslum við starfsemina auk þess sem heimilt verð að byggja allt að 900 fm til viðbótar. Aðgengi að svæðinu verður um núverandi veg frá Búrfellsvegi.

Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

9. Deiliskipulag fyrir alifuglabú á jörðinni Vatnsenda í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi 10. maí 2017 tillögu að deiliskipulagi fyrir alifuglabú á jörðinni Vatnsenda. Tillagan var auglýst 16. febrúar 2017, ásamt umhverfisskýrslu, með athugasemdafrest til 31. mars. Athugasemdir bárust en að mati sveitarstjórnar gáfu þær ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til afgreiðslu í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögunar sjálfar á vefslóðinni <http://www.sbf.is>.

Skipulagstillögur 1-4 og 6-8 eru í kynningu frá 24. maí til 6. júlí 2017 en tillaga 5 frá 24. maí til 5. júní 2017. Athugasemdir og ábendingar við tillögur 1-4 og 6-8 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 6. júlí 2017 en 5. maí fyrir tillögu 5. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi
petur@utu.is